

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023–2027.

Frá minni hluta velferðarnefndar.

Í tillögu þeirri sem hér er til umræðu er fjallað um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023–2027. Samkvæmt 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, ber ráðherra að leggja fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Meginmarkmið barnaverndarlaga er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði og að veita börnum sem búa við óviðunandi aðstæður og börnum sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu nauðsynlega aðstoð. Framkvæmdaáætlun þessi er á sviði barnaverndar og því afmarkast verkefnið samkvæmt skilgreiningu barnaverndarlaga. Á tímabili framkvæmdaáætlunarinnar verður þverpólitískri þingmannanefnd um málefni barna, með stuðningi og í samstarfi við stýrihóp Stjórnarráðsins í málefnum barna, falið að ljúka heildarendurskoðun barnaverndarlaga og eftir atvikum annarra laga sem breyta þarf samhliða til að fá heildaryfirsýn yfir málefni barna hér á landi og þjónustu við þau. Almenn virðist ríkja samstaða meðal hag- og umsagnaraðila um að þörf sé á þeim breytingum sem ráðuneytið leggur til með tillögu þeirri sem hér er til umfjöllunar. Þó eru nokkur atriði sem minni hluti velferðarnefndar telur að taka hefði þurft á í áætluninni.

Minni hlutinn telur fyrst og fremst gagnrýniverð að í áætluninni er hvergi minnst á aðkomu barnaverndar að forsjár- og umgengnismálum. Í nýlegri skýrslu GREVIO, eftirlitsnefndar Evrópuráðsins með Ístanbul-samningnum sem felur í sér aðgerðir og baráttu gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gegn konum, kemur fram að á Íslandi sé ekki tekið nógu vel utan um þolendur ofbeldis þegar kemur að forsjármálum, til að mynda börn sem verða annaðhvort fyrir ofbeldi eða verða vitni að heimilisofbeldi. Eftirlitsnefndin leggur áherslu á að það að barn verði vitni að ofbeldi feli í reynd í sér ofbeldi gegn barninu. Í umsögn ríkislögreglustjóra um tillöguna kemur fram að algengast sé að börn komi við sögu í málum er varða brot á hegningarlögum sem aukaáðilar, til að mynda sem brotaþolar eða vitni. Þannig voru 1.785 börn skráð í slíkum málum hjá lögreglu árið 2022.

Í lögum er hlutverk barnaverndar í forsjár- og umgengnismálum afar óskýrt. Í framkvæmd hefur barnavernd forðast í lengstu lög að hafa afskipti í slíkum málum. Sú afstaða skapar gjá í löggjöf og framkvæmd. Börn sem búið hafa við heimilisofbeldi, en foreldri þess er að öðru leyti ekki talið skorta hæfni að því marki að koma þurfi til forsjárviptingar, njóta þar takmarkaðrar verndar. Með hliðsjón af ábendingum GREVIO og fleiri aðila um að ekki sé nægjanlega litið til heimilisofbeldis við meðferð umgengnis- og forsjármála er hætt við því að kerfið taki ekki utan um börn sem sætt hafa heimilisofbeldi eða orðið vitni að því. Í núverandi framkvæmd virðist barnavernd gera kröfu um að foreldri verndi barn sitt gegn ofbeldi í samræmi við forsjárskyldur sínar og hefur því ekki afskipti af málum af þessu tagi. Um leið meinar kerfið foreldrinu að vernda barnið með því að taka ekki tillit til ofbeldisins við ákvörðun í forsjár- og umgengnismálum. Stendur því enginn aðili eftir með það hlutverk að

vernda barnið gegn heimilisofbeldi. Telur minni hlutinn afar miður að hvergi sé tekið á þessu hlutverki barnaverndar í áætluninni. Að auki er brýnt að skerpa á hlutverki barnaverndar við aðför í málum er varða forsjá og lögheimili.

Skerpa eftirfylgni og samvinnu hlutaðeigandi aðila.

Í umsögn ríkislögreglustjóra er lagt til að skerpt verði á lagaákvæðum í barnaverndarlögum er snúa að sólarhringsbakkvöktum barnaverndarþjónustu á landsvísu þar sem útköll vegna heimilisofbeldis eru gjarnan utan hefðbundins vinnutíma. Auk þess leggur ríkislögreglustjóri til að bætt verði við ákvæði um tilkynningarfundi barnaverndarþjónustu og lögreglu. Loks leggur ríkislögreglustjóri til að mótað verði ákvæði um hvernig best sé að háttá sameiginlegu áhættumati, eftirfylgni og samvinnu barnaverndar, félagsþjónustu, lögreglu, ákærvalds og heilbrigðisþjónustu um slík mál í samræmi við ábendingar GREVIO-nefndarinnar sem fer með eftirlit með innleiðingu Ístanbúl-samningsins. Minni hlutinn leggur til að tekið verði tillit til þessara ábendinga ríkislögreglustjóra við breytingar á tillögu ráðherra.

Alþingi, 29. nóvember 2023.

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir.